


1507015



Rangárþing ytra  
Ágúst Sigurðsson  
Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 26. ágúst 2015  
Tilvísun: 201507065 / 5.0

---

## Efni: Hvammsvirkjun. Endurskoðun umhverfismats. Umsagnarbeiðni.

---

Skipulagsstofnun barst erindi frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra dags. 13. júlí 2015 þar sem óskað er eftir ákvörðun stofnunarinnar, í samræmi við 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, um hvort efnislega sé ástæða til að endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu Landsvirkjunar um Hvammsvirkjun áður en leyfi til framkvæmda er veitt. Erindi sveitarfélaganna fylgdi skýrsla; „Hvammsvirkjun, 93 MW. Rýni á mati á umhverfisáhrifum“, unnin af Eflu verkfræðistofu, dagsett í júlí 2015.

Í reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er að finna ákvæði um málsmeðferð sem Skipulagsstofnun ber að viðhafa í tengslum við ákvörðunartöku um endurskoðun matsskýrslu. Þar kemur m.a. fram að áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila skuli stofnunin kynna erindi leyfisveitanda opinberlega og er almenningi heimilt að gera skriflegar athugasemdir. Þá kemur fram að Skipulagsstofnun skuli leita umsagna leyfisveitanda og annarra eftir eðli máls hverju sinni og skuli umsagnaraðilar innan þriggja vikna, gefa álit á því hvort þeir telji þörf á að endurskoða að hluta eða í heild matsskýrsluna.

Skipulagsstofnun óskar eftir að Rangárþing ytra kynni sér meðfylgjandi skýrslu „Hvammsvirkjun, 93 MW. Rýni á mati á umhverfisáhrifum“ unnin af Eflu verkfræðistofu, auk þess eftir atvikum að skoða gögn sem nálgast má á vef Landsvirkjunar (meðfylgjandi vefslóð), sem fjallar um Hvammsvirkjun þar sem m.a. er að finna matsskýrslu Virkjunar við Núp dags. apríl 2003 þar sem fjallað er um Hvammsvirkjun.

<http://www.landsvirkjun.is/Rannsoknirogthroun/Virkjunarkostir/Hvammsvirkjun>

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Rangárþings ytra, þar sem fram komi álit sveitarfélagsins á því hvort endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild sinni. Í því efni er sérstaklega óskað eftir því að tekin verði afstaða til þess hvort forsendur hafi breyst verulega frá því að úrskurður Skipulagsstofnunar lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 21. september 2015 og einnig á tölvupóstföngin: [rut@skipulagsstofnun.is](mailto:rut@skipulagsstofnun.is) og [jakob@skipulagsstofnun.is](mailto:jakob@skipulagsstofnun.is)

  
Jakob Gunnarsson